

# Fundur trúnaðarráðs Leiðsagnar

6. september 2021 kl. 18:00

Mættir: Friðrik Rafnsson, Snorri Steinn Sigurðsson, Valva Árnadóttir, Sigrún Pálsdóttir, Harpa Björnsdóttir, sem jafnframt ritaði fundargerð, Áslaug J. Marinósdóttir, Indriði H. Þorláksson, Jónína Birna Halldórsdóttir.

Í gegnum fjarfundakerfið Zoom tóku þátt Birna Imsland, Guðný Emilsdóttir, (Þórhildur Sigurðardóttir komst ekki inn á fundinn nema rétt í upphafi).

Forföll boðuðu: Aldís Aðalbjarnardóttir, Hildur Bjarnason.

Svöruðu ekki fundarboði: Hjörtur Howser, Kári Jónasson, Pétur Gunnarsson, Guðni Gunnarsson, Stefán Arngrímsson, Sigurður Magnússon.

Það láðist að boða áheyrnarfulltrúa fagdeildar á fundinn.

Gengið til boðaðrar dagskrár, en tilefni fundarins er:

**Úrsögn Jakobs S. Jónssonar** ritara úr stjórn, trúnaðarráði og kjaranefnd Leiðsagnar.

Formaður setur fundinn og kynnir málið sem er á dagskrá, en tilgreinir að einnig sé hægt að ræða önnur mál í lok fundar.

Formaður FR kynnir aðdraganda málsins og niðurstöðu nýaflokans stjórnarfundar: Með bréfi þann 23. 8. 2021 sagði Jakob S. Jónsson sig úr stjórn, trúnaðarráði og kjaranefnd Leiðsagnar. Mislíkaði honum tvær athugasemdir formanns, annars vegar við orðalag í fundargerð og hins vegar við það að JSJ fór á fund lögmanns SAF án samráðs við stjórn eða kjaranefnd. Var það skoðun formanns að það hafi verið misráðið, JSJ hefði átt að tilkynna að þessi fundur stæði fyrir dyrum og leita samráðs við félagi sína í stjórn og kjaranefnd. Styður stjórn það álit formanns. Í raun er þetta verkefni viðræðunefndar, en skv. erindisbréfi kjaranefndar á trúnaðarráð að kjósa nýja kjaranefnd að afloknum aðalfundi og velja í viðræðunefnd, og þarf að gera það sem fyrst.

Eftir að JSJ sagði sig frá trúnaðarstörfum var leitast við að fá hann til að endurskoða afstöðu sína þar sem ekki var um neinn málefnalegan ágreining að ræða. Í bréfi sem JSJ sendi stjórn Leiðsagnar og trúnaðarráði dags. 4.9. 2021 viðurkennir hann að ef til vill hafi viðbrögð hans við skoðanaágreiningi verið of snögg í ljósi aðstæðna og óskar eftir því að draga úrsögn sína til baka og koma aftur til trúnaðarstarfa, fallist stjórn og trúnaðarráð á það.

Stjórn hefur þegar fjallað um málið og var meirihluta niðurstaða stjórnarfundar þann 6.9. sú að verða við ósk JSJ, 3 voru því samþykkir og 2 á móti. Lagði HB fram svohljóðandi bókun á stjórnarfundum og vill kynna hana fyrir trúnaðarráði þar sem erindi JSJ var þangað beint einnig: „Viðbrögð við nýlegri úrsögn stjórnarmanns standast engan samanburð við fyrri úrsagnir stjórnarmanna, bæði úr fyrrverandi stjórn og núverandi. Jafnvel má nefna til sögu úrsögn allra úr stjórn fagdeildar sem hlaut enga umfjöllun eða eftirmála. Ekki var gengið á eftir stjórnarmönnum að endurskoða ákvörðun sína og ekki var félagsmönnum tilkynnt um úrsagnirnar, sem hefði þó verið eðlilegt verkferli. Trúnaðarráð fjallaði heldur ekki sérstaklega um þær, líkt og nú er gert. Engin fordæmi eru fyrir því að úrsögn sé afturkölluð, og tel ég að í slíku verði að stíga varlega til jarðar svo úrsagnir verði ekki daglegt brauð og hótanir um slíkt

jafnvel notaðar til að skapa þrýsting í deilumálum. Orð skulu standa.“ Óskaði SP einnig eftir að fá að undirrita bókunina og eins GME af fjarfundi.

Formaður FR segist meta reynslu JSJ mikils, fagnar endurkomu hans og vonar að þessi niðurstaða sé sú besta fyrir félagið, en leggur einnig áherslu á að eðlileg og heilbrigð skoðanaskipti ríki innan félagsins. Ríkt hafi viss óeining í stjórnnum og nefndum og mikið hafi verið um úrsagnir á liðnum árum. ÁJM styður endurkomu JSJ en spyr hvers vegna trúnaðarráð og félagsmenn hafi ekki verið upplýstir um fyrri úrsagnir. SP telur konur vera brenndar af slæmum samskiptum í félaginu, margar hafi fælst úr stjórn og vilji ekki framar koma nálægt félagsstörfum í þágu félagsins. Telur hún einnig einkennilegt að félagsmenn hafi ekki verið látnir vita af fyrri úrsögnum, það þurfi að auka upplýsingaflæði og bæta samskiptahætti. IHP segist aldrei hafa fengið vitneskju um ástæðu úrsagna kvennanna úr fyrri stjórn og er hugsí yfir þeirri „afsagnarmenningu“ sem hafi ríkt innan félagsins. Fólk beri ákveðnar móralskar skyldur að sinna þeim verkefnum sem það hafi boðið sig fram til og ástæðulaust sé að beita afsögnum, t.d. ef fólk verður undir í lýðræðislegri ákvarðanatöku. BI segist ekki hafa áttað sig á öllum þessum úrsögnum undanfarin ár en oft hljóti þó einhver undanfari að hafa verið. Nefnir líka þaulsetu í embættum og gott væri ef fólk sem bjóði sig fram til trúnaðarstarfa sé ekki í mörgum nefndum heldur einbeiti sér að færri verkefnum.

Formaður segist hafa gefið kost á sér til formennsku þar sem hann hefði haft veður af átökum innan félagsins og sig hafi langað til að lægja öldurnar og kynna félagið á jákvæðan hátt í fjölmiðlum og út á við. Nefnir hann framtak SSS um gerð kynningarplakata og nafnspjalda sem dæmi um góða og jákvæða kynningu á félaginu. Fagnar formaður því einnig að konum hafi fjölgað í stjórn.

### **Rædd önnur mál:**

Rætt um lagabreytinganefnd sem síðasta stjórn lagði til að yrði sett á laggirnar og var samþykkt á auka-aðalfundi í júní. FR ræddi nauðsyn þess að hún hefji störf sem fyrst og taka fleiri undir það, SSS telur lögin í ýmsu mótsagnakennd og VÁ nefnir nauðsyn þess að sífelld endurskoðun fari fram. IHP segir laganefnd [sérskipuð tímabundið af fyrri stjórn og ekki lengur starfandi] hafa unnið nokkrar lagabreytingatillögur fyrir auka-aðalfundinn 2021, en fram kemur að laganefndin fékk aldrei í hendur lagabreytingatillögur frá fagdeild, HB og SP. VÁ vill að allar þessar tillögur gangi til hinnar nýju lagabreytinganefndar og verði hafðar til hliðsjónar við störf hennar. Minnir hana að til séu bæði verklagsreglur og erindisbréf frá fyrri tíð varðandi slíkar nefndir. FR telur sjálfgefið að leita lögfræðiráðgjafar hjá MN aðallögfræðingi ASÍ þegar farið verður í lagabreytingavinnuna.

Rætt um erfið samskipti innan kjaranefndar. Skv. verkreglum á að kjósa nýja kjaranefnd á fyrsta trúnaðarráðsfundi eftir aðalfund, en það hefur enn ekki verið gert og er ákveðið að halda sem fyrst aftur trúnaðarráðsfund og kjósa nýja kjaranefnd og viðræðunefnd. ÁJM stingur upp á að kjaranefnd og viðræðunefnd leiti eftir tillögum frá félagsmönnum varðandi næstu kjarasamninga til að vita hvað brennur helst á fólki. SSS tekur undir það, segir mikilvægt að félagsmenn upplifi að þeir séu þátttakendur en ekki einungis viðtakendur og vill að gerð sé netkönnun með áhersluatriðum sem fólk geti krossað við, svo ekki komi sömu tillögur aftur og aftur.

Til kjaranefndar berast mörg kjaraálitamál, bæði frá einstaklingum, fyrirtækjum og Vinnumálastofnun, og er oft um viðkvæmar upplýsingar að ræða. SSS vill að útbúið sé sérstakt netfang fyrir slík mál og á bak við það netfang sé aðili sem þekki vel kjaramálin og lög og reglur þar að lútandi, og tekur ÁJM undir það. IHP telur það veikleika að ekki sé launaður aðili hjá félaginu sem taki á kjaraálitamálum, eins konar kjarafulltrúi. Formaður vill nýta þjónustu ASÍ meira, vill fá skýrari mynd af því hvað er innifalið í þeirri félagsaðild sem við greiðum

fyrir. IHP telur að þekking og túlkun á kjarasamningum þurfi þó að vera innan félagsins. BI nefnir að veikleiki LS sé að það sé bæði stéttarfélag og hagsmunafélag, telur þörf á launuðum starfsmanni með sérþekkingu til að vinna að erfiðum málum því ekki sé hægt að reiða sig á félagsmenn sem hafa boðist til þess tímabundið í sjálfböðavinnu. Leggur hún einnig til að settar séu fram á heimasíðunni algengar spurningar og svör varðandi kjaramálin. SP leggur til að sett sé á heimasíðuna hjálpartæki líkt og gert er í Þýskalandi og hún hefur góða reynslu af. FR kynnir reiknivél sem brátt verður sett á heimasíðuna og auðveldar félagsmönnum útreikning launa.

SSS vill taka upp samtali við fyrirtæki í ferðabjónustu varðandi verktakafyrirkomulagið, mikið sé um gerviverktöku eða ráðningasamband á gráu svæði og margir leiðsögumenn neyðist til að taka þessu annars engin vinna. BI segir félagið þurfa að standa með sínu fólki gagnvart fyrirtækjunum. Getur ASÍ hjálpað í erfiðum málum? Spurning vaknar hvort starfsmaður skrifstofu geti tekið að sér fleiri verkefni með hækkuðu starfshlutfalli, t.d. kjaraálitamál? Hverju þarf hann að kunna skil á? SP stingur upp á að gerð sé þarfagreining á starfi skrifstofumanns Leiðsagnar. ÁJM spyr um ábyrgð launagreiðanda, t.d. gagnvart tryggingum farþega. IHP segir þörf á kynningu á því hvað felst í verktöku, fallið hafi úrskurður hjá úrskurðarnefnd tryggingarmála þar sem leiðsögumaður sem vann í verktöku var að helmingi ábyrgur á tjóni á móti ferðaskrifstofu. HB hvetur til að send sé ábending til bæði félagsmanna og fyrirtækja innan SAF, og einkum til þeirra fyrirtækja sem þekkt eru að því að stunda ráðningu á gráu svæði skv. samkeppnislögum og reglum um verktöku.

SSS nefnir námskeið þau sem Félagsmálaskóli ASÍ og BSRB hefur boðist til að halda fyrir þá sem eru kosnir til trúnaðarstarfa. Þetta eru tvö 3ja daga námskeið um starfsemi stéttarfélaga, vinnurétt, hlutverk samninganefnda, vinnustaðaeftirlit o.fl. Þykir kostnaðurinn við námskeiðin nokkuð mikill, en hægt er að sækja um styrk í Endurmenntunarsjóð. Rætt hvort bjóða eigi öðrum félagasamtökum að taka þátt í þeim með okkur til að lækka kostnaðinn. SSS nefnir líka námskeið í samningaviðræðum og gerð kjarasamninga á vegum ríkissáttsemjara sem hann hafi áhuga á að sækja, en JSJ tók slíkt námskeið 2018.

Rætt um aðila sem hafa boðið sig fram til trúnaðarstarfa fyrir félagið en eru óvirkir, mæta ekki á boðaða fundi og slíkt. VÁ segir að þetta sé ekki vegtylla heldur vinna og HB telur það ámælisvert að gefa kost á sér til starfs og sinna því svo ekki og svara ekki fundarboðum, fólk þurfi að svara af eða á svo hægt sé að boða varamenn. Lög félagsins mættu vera skýrari um viðbrögð hvað þetta varðar. VÁ og HB leggja áherslu á að varamenn fái alltaf send fundarefni, þeir séu þá í startholunum ef boðaðir. Formaður tekur að sér að hafa samband við þá aðila sem hafa boðið sig fram til trúnaðarstarfa en ekki hefur heyrst frá.

HB nefnir almenna nauðsyn á betra upplýsingaflæði til félagsmanna og formaður upplýsir að hann hafi hugsað sé að senda stutt fréttabréf reglulega. Hann hafi löngun til að efla félagsandann og stingur upp á að halda opið hús fyrir félagsmenn við hentugleika.

Að lokum nefnir formaður að fjárhagur félagsins hafi heldur braggast frá því í sumar og því standi vonir til að hægt verði að hækka starfshlutfall starfsmanns skrifstofu í 75%, en formaður verði áfram í 25%. Er endanlegri ákvörðun vísað til næsta fundar stjórnar.

Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð þessi var samþykkt á trúnaðarráðsfundi 18.10. af öllum þeim fundarmönnum sem sátu fundinn, utan Indriða H. Þorlákssonar sem gerði athugasemdir við ritun fundargerðarinnar og fór fram á að eftirfarandi bókun fylgdi fundargerðinni:

„Sæl öll. Ég sendi fundarritara og ykkur athugasemdir við frumdrög fundargerðarinnar. Ég tel, að þrátt fyrir staðhæfingu um annað, að ekki hafi verið tekið efnislegt tillit til athugasemda minna. Smávægilegar leiðréttingar á orðalagi hafa verið gerðar en í litlu sinnt meginatriði í ábendingu minni þess efnis að greina á milli annars vegar kynningar formanns á afgreiðslu stjórnar á tilteknu máli, sem var á boðaðri dagskrá og flutt af honum með ágætum, og hins vegar á sérstakri kynningu fundarritara á bókun sinni á stjórnarfundi, sem var ekki á dagskrá fundar trúnaðarráðs, átti ekkert erindi þangað þar sem stjórnin starfar ekki í umboði trúnaðarráðs og hefði þurft samþykki fundarins til þess að taka þar fyrir auk þess sem að þá hefði verið sjálfsagt að bjóða öðrum stjórnarmönnum að greina frá afstöðu sinni. Þessari ósk um aðgreiningu er ekki sinnt með breyttri málsgreinaskipan.

Fundargerðin er óviðunandi og gefur það til kynna að fundur trúnaðaráðs hafi tekið afstöðu með efni bókunarinnar. Hún var hins vegar ekki rædd efnislega vegna þess að hún var ekki á dagskrá. Hefði svo verið er óhjákvæmilegt að fram hefði komið að hún er lítið annað en örökstuddar staðhæfingar byggðar á sögusögnum ótilgreindra aðila um það efni sem henni er ætlað að fjalla um.

Fundargerðir eiga að vera hlutlægar og hlutlausar frásagnir af viðkomandi fundi, greina frá fundarmönnum, dagskrá, þ.e. þeim málefnum sem fundurinn fjallaði um og þeim niðurstöðum og ákvörðunum sem þar voru teknar. Þær eiga ekki að vera vettvangur málareksturs einstakra fundarmanna eða sjónarmiða. Tilvitnanir í ummæli og skoðanir einstakra fundarmanna eru vandmeðfarnar. Til að gæta jafnræðis verður fundarritari að vera hlutlaus í framsetningu og láti ekki eigin skoðanir og afstöðu ráða neinu um val á þeim sem vitnað er til, um túlkun á orðum manna svo og að tryggt sé að sjónarmið allra komi fram sem erfiit er að gera ef mál eru ekki á boðaðri dagskrá.

Með vísan til framangreinds óska ég eftir að fundargerðinni verði breytt til samræmis við það. Hún greini frá að ákvörðun stjórnar í máli JSJ hafi verið eina dagskrármálið og skýrslu formanns þar um eins og hún liggur fyrir. Auk þess frá ósk HB um að kynna bókun sína án þess að greina frá frekari umræðum.

Sé ekki fallist á þessa tilhögun óska ég að framanritað sé birt sem bókun með fundargerðinni. Indriði H. Þorláksson“

**Athugasemd ritara:** „Bréf Jakobs S. Jónssonar var stílað á bæði stjórn Leiðsagnar og trúnaðarráð, því átti bókunin erindi á fundi beggja. Þessi fundargerð var rituð nokkuð nákvæmlega, eins og ég á vanda til, og líkt og Indriði mælist til þá leitaðist ég við að „gæta jafnræðis, tryggja að sjónarmið allra komi fram, vera hlutlaus í framsetningu og láta ekki eigin skoðanir og afstöðu ráða neinu um val á þeim sem vitnað er til“. Tel ég að erfitt sé að koma auga á hið gagnstæða. Því átti ég alls ekki von á að mér yrði brigslað um að skrifa fundargerð sem væri vettvangur eigin sjónarmiða, enda leitast ég ávallt við að gæta hlutleysis, tilgreina tilefni umræðna og hverjir sögðu hvað.

Það er ómótælanlega staðreynd að bókun mín var lesin upp á fundinum mótmælalaust og með svigrúmi til andmæla eða annarra viðbragða frá fundarmönnum. Varð inntak bókunarinnar hvati líflegra umræðna í kjölfarið, enda eru ítrekaðar afsagnir úr stjórn og frá trúnaðarstörfum síðustu ár vissulega umhugsunarverðar og vöktu undrun fundarmanna sem fæstir höfðu af þeim heyrt. Taldi ég, og tel enn, að þessi bókun hafi átt fullt erindi á fund trúnaðarráðs án þess að vera sett sérstaklega á dagskrá, enda tengdist hún því máli sem var til umræðu. Inntak bókunarinnar VAR rætt efnislega og varð hún tilefni góðrar umræðu um ákveðna bresti sem finna má í starfi félagsins. Fundurinn tók ekki afstöðu með efni bókunarinnar, en því verður ekki á móti mælt að bókunin var lesin upp og inntak hennar rætt í framhaldinu og því engan veginn réttlæt看legt að slá striki yfir það og fjarlægja úr fundargerðinni eins og Indriði fór fram á. Harpa Björnsdóttir. “